

Umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneyti
Skrifstofa umhverfis og orku
urn@urn.is

Reykjavík, 9. maí 2025

Efni: Umsögn Samorku um stefnu stjórnvalda um öflun raforku, mál í samráðsgátt nr. S-68/2025

Inngangur

Samorka fagnar áformum stjórnvalda um að leggja fram stefnu um öflun raforku og tekur undir þau sjónarmið sem liggja að baki frumvarpinu og gerð er grein fyrir í drögum að greinargerð.

Þar kemur til að mynda fram að verulegt ójafnvægi hefur myndast milli framboðs og eftirspurnar á raforkumarkaði þar sem raforkuframleiðsla hefur ekki haldið í við vaxandi umsvif í samfélaginu. Þessi hæðagangur hefur bitnað á orkuöryggi, orkuskiptum og atvinnuuppbyggingu víða um land, eins og segir í greinargerð með frumvarpinu.

Í frumvarpinu og greinargerð birtist sú grundvallar hugsun sem Samorka hefur um árábil lagt áherslu á, að orkumál snerta ekki einvörðungu umhverfis- og loftslagsmál heldur eru þau einnig grundvallar efnahagsmál. Án öruggs aðgengis að orku er ekki hægt að tryggja atvinnuuppbyggingu, byggðapróun og styðja við eðlilegan vöxt samfélagsins.

Stefna stjórnvalda um öflun raforku getur orðið mikilvægur hlekkur í þeirri löngu og flóknu keðju sem uppbygging í orkuframleiðslu og orkuflutningi er hér á landi. Fleira þarf þó til.

Þannig gæti verið til bóta ef stefnunni fylgdi greining á því hver áhrif hennar yrðu á jafnvægi framboðs og eftirspurnar eftir raforku, atvinnuuppbyggingu og hagvöxt.

Þó stefna um öflun raforku geti verið mikilvægt tól fyrir uppbyggingu í raforkuframleiðslu og tengdum innviðum, þá er ekki síður mikilvægt að henni verði fylgt eftir af stjórnvöldum. Þannig væri skynsamlegt að huga að lagabreytingum sem lúta að starfi stofnana, eins og t.d. Umhverfis- og orkustofnunar, þannig að stjórnvöldum verði gert að taka mið af stefnunni við forgangs röðun verkefna og nýtingu mannafla og fjármagns.

Í frumvarpinu er lögð til breyting á 3. gr. laga um verndar- og orkunýtingaráætlun á þá leið að vísa til stefnu stjórnvalda um öflun raforku í markmiðsákvæði laganna. Samorka bendir á að vel mundi einnig fara á því að gera breytingu á 4. mgr. 3. gr. laganna, á þá leið að í verndar- og orkunýtingaráætlun skuli tekið mið af stefnu stjórnvalda um öflun raforku. Væri slík breyting til þess fallin að tryggja að markmið með lagabreytingunni nái fram að ganga og í góðu samræmi við nágildandi 4. mgr. 3. gr. þar sem m.a. kemur fram að í verndar- og orkunýtingaráætlun skuli tekið mið af vatnaáætlun samkvæmt lögum um stjórn vatnamála. Samorka leggur þannig til að við síðustu málsgrein 4. mgr. 3. gr. bætist orðin „og stefnu stjórnvalda um öflun raforku samkvæmt raforkulögum“, þannig að málsgreinin orðist svo:

Í verndar- og orkunýtingaráætlun skal tekið mið af vatnaáætlun samkvæmt lögum um stjórn vatnamála og stefnu stjórnvalda um öflun raforku samkvæmt raforkulögum.

Samorka telur að lokum mikilvægt að draga fram að í frumvarpinu og greinargerðinni er hvergi vikið að nauðsynlegri uppbyggingu og öflun jarðhita sem nýtist bæði til húshitunar og rafmagnsframleiðslu. Lög um verndar- og orkunýtingaráætlun lúta ekki eingöngu að nýtingu virkjunarkosta til raforkuframleiðslu heldur einnig að nýtingu jarðhita. Jarðhiti er hvergi mikilvægari í orkubúskapnum á heimsvísu en á Íslandi og er jarðvarmi hér um 65% allrar orku sem við notum til húshitunar, baða, ylræktar og framleiðslu rafmagns. Til að gæta samræmis og draga fram mikilvægi hitaveitu og þeirrar orku sem í henni felst væri eðlilegt að stefna stjórnvalda tæki ekki bara til öflunar raforku heldur einnig öflunar jarðhita.

Samorka telur mikilvægt að stefna stjórnvalda um öflun raforku og jarðhita líti sem fyrst dagsins ljós, þannig að hægt sé að tryggja eftirfylgni við stefnuna í þeirri vinnu sem stöðugt fer fram á vegum stjórnvalda, t.a.m. hjá verkefnisstjórn rammaáætlunar og umhverfis- og orkustofnun.

Virðingarfyllt, f.h. Samorku



Katrín Helga Hallgrímsdóttir, lögfræðingur